

Íslenska - skólanámskrá í 8. bekk

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"> • Getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega. • Gerir sér grein fyrir hvað er góður framburður og framsögn. • Getur tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær. • Hefur góða færni í að nýta sér upplýsingar úr ræðu, riti og ýmsum miðlum. • Er fær um að hafa góð samskipti, hlusta, gæta tungu sinnar og sýna viðeigandi kurteisi. • Getur hlustað af athygli og greint vel frá aðalatriðum. • Getur tekið virkan þátt í hópavinnu og umræðum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur koma fram og tjá sig, lesa skýrt upphátt auk þess að læra að hlusta af athygli. • Innlifunaraðferðir og tjáning: nemendur lifi sig inn í aðstæður og/eða tjái sig með einhverjum hætti. • Kenndar verða 5 kennslustundir á viku. <p>Í málfræði og stafsetningu verður innlögð á efninu.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kennsla fer fram með verkefnavinnu, ritun, framsögnum auk heimalesturs.
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"> • Getur valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur • Getur leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnagrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls. • Kann að vinna úr tölulegum og myndrænum upplýsingum. • Þekkir nokkur grunnhugtök í bókmenntafræði. • Þekkir algeng hugtök í bragfræði. • Getur lesið almenna texta af öryggi og lagt mat á þá og túlkað. • Skilur mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi. • Getur valið sér lesefni til gagns og ánægju. • Getur lesið og skilið flókna texta. • Getur greint og fjallað um aðalatriði í texta. • Getur aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, vinna úr þeim og nýta við lausn verkefna. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur lesa upphátt alla daga. • Nemendur skrifa frásagnir, skrifa sögu þar sem uppbygging ritunar er notuð. • Nemendur leysa lesskilningsverkefni. • Nemendur læra algeng hugtök í bragfræði og ljóð. • Lestrarsprettir. • Stefnt að því að nemendur lesa upphátt fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa daglega.
Ritun	<ul style="list-style-type: none"> • Getur skrifað skýrt og greinilega. • Kann að beita ritvinnslu af öryggi. • Getur tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær í rituðu máli. • Kann að beita rétttritarreglum. • Getur skrifað ólíka texta sem hæfa viðkomandi verki. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur læra stafsetningarreglur og vinna verkefni s.s. eftir upplestri, villulausar æfingar. • Nemendur skrifa eftir forskrift í tengiskrift og vinna verkefni tengd því. • Sýnikennsla, kennari sýnir tiltekin vinnubrögð eða aðferðir.

	<ul style="list-style-type: none"> • Kann að vísa í heimildir og búa til heimildaskrá. • Getur skrifað heimildaritgerð. • Getur skrifað bókmenntaritgerð. 	<ul style="list-style-type: none"> • Ritun verður að einhverju leyti samþætt samfélagsgreinum.
Málfræði	<ul style="list-style-type: none"> • Hefur gott vald á notkun íslensku í ræðu og riti. • Þekkir skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál eru í sífelltri þróun. • Getur notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd. • Getur flokkað fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð. • Skilur einkenni orðflokka og gerir sér grein fyrir hlutverki þeirra í texta. • Þekkir fallorð og einkenni þeirra. • Þekkir sagnorð og einkenni þeirra. • Þekkir einkenni óbeygjanlegra orða. • Getur flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðaböngum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna. • Getur gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. • Getur beitt sköpunarmætti tungumálsins við ritun. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur vinna fjölbreytileg málfræðiverkefni, ýmist sjálfstætt eða í hópum. • Þulunám og þjálfunaræfingar: þekking nemenda er könnuð og fest í minni, leikni þjálfuð og þekking efld á einhverju ákveðnu sviði.

Námsefni	Mál til komið, - vinnubók Vandamálið: Þetta er málið, ásamt samnefndri vinnubók Málrækt 1 Ljóðabækur og ljósritað efni frá kennara.
Lykilhæfni	